

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Betur má ef duga skal

Hvað er einelti?
- vefleiðangur -

Vilhelmína S. Smáradóttir



Kennaraháskóli Íslands
Kennarabraut, grunnskólakennarafræði
Apríl 2008

Efnisyfirlit

Forsíða:	3
Nemendasíða:	4
Kynning	4
Verkefnið er fólgið í því að:	4
Ferli	5
Mat	6
Niðurstaða	7
Upplýsingar og heimildir	7
Sjálfsmat	8
Jafingjamat	9
Kennarasíða:	10
Kynning	10
Nemendur (námsgreinar og aldursstig)	10
Tenging við námskrá	10
Ferli –yfirlit	11
Bjargir –nauðsynlegur búnaður eða áhöld	13
Skilgreindu grundvallarfærni og þekkingu	14
Mat	14
Mat á eigin leiðangri:	15
Möguleg tilbrigði	16
Til kennara	16
Niðurstaða	16
Upplýsingar og heimildir	16
Möguleg tilbrigði:	17
Mat á hópastarfi	18
Mat á hópastarfi	18

Forsíða:

Vefleiðangurinn - Hvað er einelti? -

Í þessum vefleiðangri er hægt að fræðast um einelti, leysa verkefni og skoða vefsíður sem fjalla um einelti

og hvað sé hægt að gera til að koma í veg fyrir það.

Forsíða

Nemendasíða

Kennarasíða

Gaman væri að fá að fylgjast með notkun leiðangursins og einnig ef ykkur þætti að eitthvað mætti betur fara.

© Vilhelmína S. Smára

Nemendasíða:

Kynning

Jæja, þá er komið að því !! Fyrirhuguð er spæjaraferð og þú ert einn af spæjurunum sem tekur þátt í ferðinni. Þitt starf er fólgið í því að finna þá sem leggja aðra í einelti og hugsanlega koma þeim til hjálpar með einum eða öðrum hætti. Til þess að hægt sé að leggja af stað þá verður þú að afla þér smá upplýsinga um einelti. Þegar upplýsingaöfluninni er lokið færð þú viðurkenningu og verður einn af „spæjurum ársins“ í skólanum.

Þú ert eineltisspæjari og það er á þínu valdi að finna þá sem leggja aðra í einelti.

!!! Því fleiri spæjarar því betra !!!

Verkefnið er fólgið í því að:

Svara nokkrum spurningum og leysa komandi viðfangsefni.

- 1. Hvað er einelti?
- 2. Hvar fer einelti oftast fram?
- 3. Hverjir verða oftast fyrir einelti?
- 4. Hvað eigum við að gera ef við verðum vitni af einelti?
- 5. Hverjar eru ykkar hugmyndir um hvernig við getum útrýmt einelti?
- 6. Semjið stutt leikrit um einelti sem sýnir bæði geranda og þolanda þess. Leikritið þarf ekki að taka nema ca. 3 - 5. mín.
- 7. Nú er komið að því að taka tvö viðtöl. Viðtölin eru tekin við nemendur í öðrum hóp.
 - > Viðtal A: rætt er við ímyndaða þolendur eineltis.
 - > Viðtal B: rætt er við ímyndaða gerendur eineltis.
 - > Vinnið úr viðtölunum með því að athuga hvort gerendur og þolendur eineltis eiga eitthvað sameiginlegt s.s. vanlíða eða hatur.

Þegar þessu er lokið þá haldið þið áfram að vinnar úr þeim upplýsingum sem þið hafið aflað ykkur og búa til veggspjöld sem eiga að vekja fólk til umhugsunar um einelti og hvaða afleiðingar það hefur. Veggspjöldin verða síðan hengd upp í skólanum, sjoppum og búðum.

Ferli

Ykkur verður skipt upp í fjögurra manna hópa og öll verði þið spæjarar. Hver og einn hópur vinnur að því að kynna sér einelti og hvernig sé hægt að uppræta það.

1. Þið svarið spurningunum sem lagðar eru fyrir í verkefninu. Þið getið notað eftirfarandi heimasíður til að finna heimildir. (allir)

[Rauði kross Íslands](#): Rauði krossinn er elsta, virtasta og útbreiddasta mannúðarhreyfing í heimi, með starfsemi í 185 löndum. Þeir hjálpa fólki, veita ráðgjöf og stuðla að bættum og betri heimi.

[Regnbogabörn](#): Þetta eru fjöldasamtök áhugafólks um eineltismál. Markmið þessa samtakanna er meðal annars að gera börnum kleift að lifa án félagslegs áreitnis og ofbeldis frá jafningjum sínum. Einnig halda samtökin uppi öflugum í forvarnarstarfi í grunnskólum.

[Heimili og skóli](#): Þetta eru landssamtök foreldra. Markmið þeirra er að stuðla að bættum uppeldis- og menntunarskilyrðum barna og unglinga.

[Olweus](#): Þetta er þróunarverkefni Olweusarverkefni gegn einelti. Verkefnið hefur verið í notkun í mörgum skólum undanfarin ár og reynslan sýnir að umtalsvert dregur úr einelti í þeim skólum þar sem það hefur verið innleitt. Einelti er alvarlegt vandamál í öllum samfélögum og getur haft ófyrirséðar afleiðingar ef ekki er tekið á málunum.

[Umboðsmaður barna](#): Umboðsmaður barna vinnur að því að bæta hag barna og unglinga. Markmið þeirra er að gæta þess að tekið sé tillit til réttinda barna, þarfa þeirra og hagsmuna á öllum sviðum samfélagsins.

Einnig getið þið leitað af heimildum á leitarvefunum [google.is](#) og [leit.is](#).

Þegar þið vinnið svo að 5. lið um hvernig sé hægt að útrýma einelti getur verið gott að þið búíð ykkur til [hugtakakort](#) og vinnið svörin út frá því. Þá eru þið búin að setja hugmyndir ykkar niður og eigið auðveldara með að skipuleggja svarið þegar kemur að því að setja það upp á word skjalið.

2. Svörin við fyrstu fjórum spurningunum ásamt ykkar hugmyndum á því hvernig sé hægt að útrýma einelti setjið þið upp á word skjal. (allir)

3. Munið eftir að vitna í þær heimildir sem þið notuðu. Þið eigið að setja upp heimildaskrá.

4. Í 6. og 7. lið verkefnisins skiptið þið hópnum ykkar í tvennt. Farsælt er að draga um það t.d. með því að skrifa á tvo miða töluna 6 og svo aðra tvo miða töluna 7. Allir í hópnum draga sér miða og kíkja á þá samtímis. Með því að gera þetta er hægt að koma í veg fyrir óþarfa ágreining.

Munið að þrátt fyrir að hópnum sé skipt niður þá eru þið samt ein heild og munið að vinna saman.

5. Sá hópur sem vinnur 6. lið verkefnisins semur stutt leikrit ca. 3 -5 mín. Annað ykkar setur sig í spor þolanda og hitt í spor geranda. Leikritið verður flutt fyrir bekkinn ásamt leikritum hinna hópanna í lok verkefnavinnunnar. (tveir saman)
6. Sá hópur sem vinnur að 7. lið verkefnisins tekur tvö viðtöl. Til þess þarf að semja spurningar og verða þær að miðast annars vegar til geranda og hins vegar til þolanda eineltis. Vinnið úr viðtölunum með því að athuga hvort gerendur og þolendur eineltis eiga eitthvað sameiginlegt s.s. vanlíða eða hatur. Viðtölin setjið þið upp á word skjal. (tveir saman)
7. Búið til veggspjöld og skreytið. Þið getið vitnað í setningar sem þið fegnuð við gerð viðtalanna eða jafnvel það sem þið sáuð við heimildaöflunina. (allir)
8. Munið að hver hópur á að prenta út skjölin sín og skila til kennara. Gaman væri ef lítil forsíða myndi fylgja með. Munið enn og aftur að geta til heimilda.

Mat

Hafið hugfast við vinnu á þessu verkefni að þetta er hópverkefni og allir verða að vinna saman. Hópavinna verður metin sem heild þ.e. hópurinn fær eina einkunn.

Námsmatið fer þannig fram:

Uppsetning samantektar þar sem svör við spurningum og hugmyndir um útrýmingu eineltis kemur fram. Þarna eru metin vönduð vinnubrögð og snyrtilegur frágangur. Sama á við um heimildaskrána. **20%**

Leikrit verður metið eftir flutningi og innihaldi. **25%**

Viðtöl verða metin eftir spurningatækni, uppsetningu og úrvinnslu. **25%**

Veggspjöld verða metin eftir frumleika, snyrtilegum frágangi og samvinnu. **15%**

Sjálfsmat **10%**

Mat kennara á hópastafi **5%** - Hér er getið þið séð hvernig kennari metur hópastarfið.

Hérna eru matsblöðin sem þið þurfið að nota.

Munið að hver og einn fyllir út sín blöð en þannig fæst rétt mat á samstarfið innan hópsins og hvernig þið metið ykkar vinnu.

[Sjálfsmat](#)

[Jafningjamat](#)

Niðurstaða

Markmið verkefnis er að þið áttið ykkur á staðreyndum lífsins. Þeim alvarleika sem einelti er og hversu mikil áhrif það getur haft á einstaklinga. Jafnframt að þið gerið ykkur grein fyrir að enginn er eins og því mjög misjafnt hvernig fólk tekur áreiti og upplifir hluti á misjafnan hátt.

Með þessum hætti er vonast til að þið:

- **S**ynið breytta hegðun hafi þið á einhvern hátt verið þátttakendur eineltis.
- **S**éuð í stakk búnin til að greina frá einelti verði þið vitni af því.
- **S**jáið að enginn er yfir annan hafinn og allir hafa sinn tilverurétt.

SKILNINGUR - SAMVINNA - SAMSTAÐA

Ef einhver sem þið þekkið verður fyrir einelti hvað getið þið ráðlagt honum/henni t.d. hvern á hann að tala við varðandi eineltið til þess að það sé hægt að stöðva það.

[Rauði kross Íslands](#)

Er möguleiki að þessi sæjaraferð beri þann árangur að þið getið jafnvel verið þátttakendur í að útrýma einelti í ykkar skóla? Ef svo er þá hvernig?

Góða skemmtun og gangi ykkur vel

Upplýsingar og heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla, lífsleikni. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla, upplýsinga- og tæknimennt. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Hugmyndir að sjálsmati, jafningjamati og mati á hópastarfi eru fengnar:

Ingvar Sigurgeirsson. 2007. *Hugmynabanki um námsmat*. Sótt á netið 12.apríl 2007 á slóðina <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/matsbanki/Welcome.htm>

Sjálfsmat

Sjálfsmat frammistöðu í hópvinnu

Nafn:

Dagsetning:

Verkefni:

	Alltaf	Oftast	Stundum	Sjaldan	Aldrei
Tók virkan þátt í starfinu					
Sýndi áhuga					
Lagði mig fram um að skapa góðan starfsanda					
Hlustaði á það sem aðrir lögðu til málanna					

Þín einkunn: _____

Jafingjamat:

Matsblað á vinnufélögum - Jafingjamat -

ath. eitt blað fyrir hvern og einn í hópnum

! Trúnaðarmál milli nemanda og kennara !

Verkni: _____ Dagsetning: _____

Nafn: _____ Bekkur: _____

hefur unnið á eftirfarandi hátt í hópavinnunni:

	Hefur lagt verulega af mörkum	Hefur lagt nokkuð af mörkum	Léttvægt framlag
1. Forysta			
2. Skipulag			
3. Hugmyndir			
4. Öflun upplýsinga			
5. Úrvinnsla			
6. Flutningur - skýrsla			

Athugasemdir: _____

Þetta er mitt mat.

Nafn: _____

Bekkur: _____

Kennarasiða:

Kynning

Þessi vefleiðangur er hluti af verkefni í Grunnskólafræði 0452 við kennaradeild - grunnskólabraut í Háskólanum á Akureyri.

Vefleiðangurinn er saminn með það í huga að kynna fyrir nemendum „Hvað er EINELTI“ og hvaða áhrif einelti hefur bæði á geranda og þolanda. Jafnframt vonar ég að þetta verkefni muni vekja nemendur til umhugsunnar áður en skaðinn er skeður og stuðla þannig að minna einelti hjá börnum og unglingum.

Nemendur (námsgreinar og aldursstig)

Þessi vefleiðangur er saminn með það í huga að hægt sé að leggja hann fyrir nemendur í 7., 8. og 9. bekk sem verkefni í lífsleikni.

Í kaflanum [Möguleg tilbrigði](#) hér fyrir neðan eru tillögur að breytingu en með þeim er möguleiki að því að leggja leiðangurinn fyrir nemendur á öllum stigum grunnskóla.

Þessar breytingar eru ekki erfiðara í framkvæmd og því vert að skoða. Ég tel mikilvægt að hefja forvarnir á einelti snemma og því yngri sem nemendur fræðast um einelti því meiri möguleiki er að við náum tökum á þessu vandamáli.

Tenging við námskrá

Með þessum leiðangri eiga nemendur að:

- Vita að hver og einn hefur persónuleg og tilfinningaleg mörk sem hætt er að ganga of nærri með neikvæðum áreitum
- Geta skoða samskipti undir mismunandi kringumstæðum
 - gera sér grein fyrir eðli samskipta
 - hafa hugmynd um hvaða tilfinningar og kenndir þau vekja
 - glöggva sig á hverskonar samskiptamynstur einkennir þau
- Öðlast skilning á að einstaklingar geta upplifað og túlkað áreiti í umhverfinu á ólíkan hátt.
- Skynja félagslegar aðstæður til að geta metið hvort og hvernig hann gerist þátttakandi í þeim, t.d. að standast þrýsting til að gera eitthvað gegn betri vitund.
- Vera meðvitaðir um jafnréttishugsjónina sem leiðarljós í öllum samskiptum, gildi hennar og fyrirvara.
(Aðalnámskrá grunnskóla, Lífsleikni. 1999:18-24.)
- Geta tjáð sig frjálsglega frammi fyrir bekkjarfélögum t.d. við kynningu á hópaverkefnum.
- Geta gert grein fyrir skoðunnum sínum og rökstutt þær.
- Geta tekið þátt í leikrænnitjáningu, t.d. spunaæfingum.

- Þjálfast í uppsetningu og frágangi eigin texta t.d. ritgerðum.
 - Þjálfast í að nota tölvur við frágang ritunarverkefna.
 - Þjálfast í réttri fingrasetningu.
 - Geta byggt upp texta á viðeigandi hátt.
(Aðalnámskrá grunnskóla, Íslenska. 1999:56-58.)
-
- Hafa náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborði, tileinkað sér blindskrift og rétta líkamsbeytingu.
 - Geta beitt þeim leitaráðferðum sem algegnustu tölvukerfi bjóða upp á.
 - Geta geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulögðum hætti.
 - Geta notað margmiðlunarefni til að bæta eigin þekkingu og til skemmtunar.
 - Geta unnið sjálfstætt og markvisst að öflun og úrvinnslu upplýsinga með upplýsingatækni og miðlað þeirri þekkingu til annara á sama hátt.
 - Geta sett upp margþætt skjöl í ritvinnslu.
(Aðalnámskrá grunnskóla, Upplýsinga- og tæknimennt. 1999:28-29.)

Með því að tengja saman forvarnir og nám gefum við nemendum tækifæri á að afla sér þekkinga út frá fleiri en einni hlið. Þannig gerum við nemendur meðvitaðri um staðreyndir og alvarleika efnisins, aukinn skilning á sjónarhornum þolenda og gerenda ásamt því að fá nemendur til að lýta í egin barm og skoði sjálfan sig með gagnrýni hugsun.

Þessi leiðangur er jafnframt hugsaður til að nemendur fái kost á að kynnst hvað samvinna og samstaða hóps er mikilvæg í hópastarfi s.s. skipulangning á verkefnisvinnu, að bera virðingu fyrir öðrum og taka tillit til fjölbreytta skoðanna.

Ferli –yfirlit

Nemendum verður skipt upp í fjögurra manna hópa. Hver og einn hópur vinnur að því að kynna sér einelti og hvernig sé hægt að uppræta það.

1. Nemendur svara spurningunum sem lagðar eru fyrir í verkefninu. Þeir geta notað eftirfarandi heimasíður til að finna heimildir. (allir)

[Rauði kross Íslands](#) | [Regnbogabörn](#) | [Heimili og skóli](#) | [Olweus Umboðsmaður barna](#)

Einnig geta nemendur leitað af heimildum á leitarvefunum [google.is](#) og [leit.is](#).

Þegar nemendur vinna að lið 5 um það hvernig er hægt að útrýma einelti getur verið gott að þeir búi sér til hugtakakort og vinna svörin út frá því. Þá eru nemendurnir búnir að setja hugmyndir sínar niður og eiga auðveldara með að skipuleggja svarið þegar kemur að því að setja það upp á word skjal.

2. Svörin við fyrstu fjórum spurningunum ásamt hugmyndum nemenda á því hvernig sé hægt að útrýma einelti setjið þeir upp á word skjal. (allir)
3. Nemendur eiga að vitna í þær heimildir sem þeir notuðu þ.e. að þeir eiga að setja upp heimildaskrá.
4. Í 6. og 7. lið verkefnisins skipta nemendur hópnum sínum í tvennt. Ein góð leið er að draga um það hverjir vinna saman og síðan hvor hópur fær hvaða lið.

Gott er að ítreka við nemendur að þrátt fyrir að hópnum sé skipt niður þá eru þeir samt ein heild og samvinnan skiptir miklu máli.

5. Sá hópur sem vinnur 6.lið verkefnisins semur leikrit. Annar nemandinn setur sig í spor þolanda og hinn í spor geranda. Leikritið verður flutt fyrir þekkingu ásamt leikritum hinna hópanna í lok verkefnavinnunnar. (tveir saman)
6. Sá hópur sem vinnur að 7. lið verkefnisins tekur tvö viðtöl. Til þess þarf að semja spurningar og verða þær að miðast annars vegar til geranda og hins vegar til þolanda eineltis. Nemendur eiga að vinna úr viðtölunum með því að athuga hvort gerendur og þolendur eineltis eiga eitthvað sameiginlegt s.s. vanlíða eða hatur. Viðtölin setjið nemendur síðan upp á word skjal. (tveir saman)
7. Nemendur búa til veggspjöld og skreyta. Þeir getið vitnað í setningar sem þeir fegnuð við gerð viðtalanna eða jafnvel það sem þeir sáuð við heimildaöflunina. (allir)
8. Hver hópur á að prenta út skjölin sín og skila til kennara.

Þessi vefleiðangur er ekki settur upp fyrir neinn einn bekk sérstaklega en hann miðast samt við nemendur á efsta stigi grunnskóla. Það er því kennara að ákveða hvernig þeir vilja nota leiðangurinn en í [möguleg tilbrigði](#) hér að neðan eru nokkrar tillögur um notkun hans.

Ég tel að það sé best að kennari skipti nemendum niður í hópa en svo aftur á móti að nemendurnir sjálfir skipta hópnum sínum niður í tvo hópa þegar að því kemur eða jafnvel að draga um það.

Tillaga um aðferð við hópaskitingu nemendanna sjálfra til að koma í veg fyrir ágreining.

Ég tel að best sé að nemendurnir dragi um það hvernig hópurinn skiptist niður

t.d. með því að skrifa á tvo miða töluna 6 og svo aðra tvo miða töluna 7. Allir í hópnum draga sér miða og kíkja á þá samtímis.

Það fer eftir stærð bekkja/þáttakenda hversu langan tíma það tekur að leysa leiðangurinn, flytja leikritin og gera veggspjöld. Miða við 16 nemendur þ.e. fjóra hópa ætti leiðangurinn að taka ca. 3 x 80 mín. Hæglega er hægt að skipta honum niður í þrjá liði

- 1. hluti - Nemendur leysi liði 1 - 5 í vefleiðangrinum.
- svara spurninunum, gera heimlidaskrá og setja þetta á word skjal.
- 2.hluti - Nemendur semja leikritið og æfa það. (tveir nemedur)
Nemendur semja spurningar og taka viðtöl. (tveir nemendur)
- 3.hluti - Nemendur flytja leikritið.
Nemendur búa til veggspjöld.
Hægt er að nota útvíst til að fara og hengja upp veggspjöldin og þá fá nemendur góðan göngutúr og hreyfingu í leiðinni.

Þar sem umræður um einelti er nokkuð mikilar og skólar alltaf að vinna markvisst að því að reyna að koma í veg fyrir einelti þá tel ég að þessi leiðangur gerir ekki neinar nýjar kröfur til kennara. Kennarar verða aðeins að geta tekið þátt í ummræðum sem gætu skapast við verkefnavinnuna s.s. að svara ýmsum spurningum frá nemendum varðandi einelti, afleiðingar eineltis og eineltisstefnu skólans, en þetta er eitthvað sem allir kennarar ættu að vita fyrir.

Bjargir –nauðsynlegur búnaður eða áhöld

Til þess að hægt sé að leggja leiðangurinn fyrir þurfa nemendur að hafa aðgang að:

- Tölvum sem eru internet tengdar og prentara.
- Aðstöðu til að semja og æfa leikrit.
- Karton, blöðum og tússlitum til veggspjaldagerðar.

Ekki ætti að þurfa nema einn kennara til þess að vinna að þessum leiðangri og þá aðeins til leiðbeininga við nemendur. Nemendurnir eiga að vera sjálfbjarga og geta leyst vefleiðangurinn á eigin spítur.

Skilgreindu grundvallarfærni og þekkingu

Nemendur þurfa ekki að hafa neina grunnþekkingu á efninu til að geta leyst vefleiðangurinn af hendi. Heldur á hann að vekja áhuga þeirra á einelti og það að þeir verði ekki gerendur eineltis.

Þrátt fyrir það þá þurfa nemendur að hafa:

- Tölvukunnáttu.
- Reynslu á notkun internetsins og upplýsingaleit.
 - Kunnáttur og reynsla í ritvinnslu.
- Samvinnu og samskiptahæfni í hópasamstarfi.

Eins og fram hefur komið ætti kennarinn ekki að þurfa að hafa neina sérþekkingu á efninu umfram þá þekkingu sem hann ætti að hafa fyrir sem starfsmaður grunnskóla. Hlutverk kennarans er frekar að hann sé leiðbeindi og sé nemendum til halds og trausts ef vandamál koma upp.

Þrátt fyrir það þarf kennarinn að vera:

- Áhugasamur
- Skipulagður
- Hafa tölvukunnáttu

Mat

Þessi leiðanagur leggur ekki áherslu á að nemendur vinni áþeifanlega hluti þó svo að allir nemendur eignist samantekt með svörum úr verkefninu og geri veggspjöld.

Heldur er AÐALÁHERSLA leiðangursins sú að nemendur geri sér grein fyrir staðreyndum lífsins. Þeim alvarleika sem einelti er og hversu mikil áhrif það getur haft á einstakling. Jafnframt að nemendur geri sér grein fyrir að enginn er eins og því mjög misjafnt hvernig fólk tekur áreiti og upplifir hluti á misjafnan hátt.

Með þessum hætti er vonast til að nemendur:

- **S**ýni breytta hegðun hafi þeir á einhvern hátt verið þátttakendur eineltis.
- **S**éu í stakk búnir að greina frá einelti verði þeir vitni af því.
- **S**jái að enginn er yfir annan hafinn og allir hafa sinn tilverurétt.

SKILNINGUR - SAMVINNA - SAMSTAÐA

Einnig þurfa nemendur að meta sig og aðra í hópnum samkvæmt matsblöðum. Þannig getur hver og einn nemandi að hafa áhrif á lokaeinkun hópsins en einnig er sjálfsmat og hópamat ákveðið aðhald fyrir nemendur til þess að virkja þá í samskiptum og samstarfi.

Námsmatið fer þannig fram:

Uppsetning samantektar þar sem svör við spurningum og hugmyndir um útrýmingu eineltis kemur fram. Þarna eru metin vönduð vinnubrögð og snyrtilægur frágangur. Sama á við um heimildaskrána. **20%**

Leikrit verður metið eftir efnistöfum og flutningi. **25%**

Viðtöl verða metin eftir spurningatækni, uppsetningu og úrvinnslu. **25%**

Veggspjöld verða metin eftir frumleika, snyrtilægum frágangi og samvinnu. **15%**

Sjálfsmat **10%**

Mat kennara á hópastarfi **5%**

Hérna eru matsblöðin sem nemendur þurfa að nota.

[Sjálfsmat](#)

[Jafningjamat](#)

Matsblað kennara á hópastarfi

[Mat á hópastarfi](#)

Mat á eigin leiðangri:

Út frá sjónarhorni þess **kappsama**:

- Hann getur séð til þess að margt sé unnið á sama tíma en samt skipulega.

Út frá sjónarhorni þess **samvinnusinnans**:

- Hann getur séð til þess að hópurinn hafi samráð sín á milli því leiðangurinn gengur út á hópavinnu allan tíman og allir þurfa að vera ánægðir með lokaútkomu leiðangursins.

Út frá sjónarhorni þess **tækni-narðarins**:

- Hann getur notið sín við öflun heimilda af netinu og aðstoðað hina við þá vinnu ef þess þarf.

Út frá sjónarhorni þess **hugsuðarins**:

- Hann hefur nóg að gera við skipulag á uppsetningu samantektarinnar, einnig um útlit veggspjaldsins því frumleiki en jafnframt snyrtilegt útlit skiptir máli.

Möguleg tilbrigði

Ekki þarf miklar breytingar til að vinna leiðangurinn með nemendum á [miðstigi](#) sem er gott því þar sem hægt er að líta á leiðangurinn sem ákveðna forvörn þá eru allar forvarnir góðar og því fyrr því betra að nemendur átti sig á alvarleika málsins.

Vefleiðangrinn er hægt að leggja fyrir í [þemaviku](#).

Einnig er hægt að leggja leiðangurinn þannig fyrir að það sé kynjaskipt í hópana.

Til kennara

Hérna er vefslóðin [„Ef ég bara hefði vitað“](#) en hún er á heimasíðu Rauða krossi Íslands. Þarna er þemað sálræn skyndihjálp og hérna eru [kennsluleiðbeiningar](#) sem fylgja síðunni. Ég tel að þessi vefsíða geti komið að góðum notum í forvarnakennslu hjá nemendum á efsta stigi grunnskóla og í framhaldsskólum.

Niðurstaða

Þetta verkefni ætti að vekja nemendur til umhugsunar um einelti og hversu slæmar efleiðingar það getur haft. Einnig að nemendur viti hvert hægt sé að leita og við hvern hægt sé að tala ef þeir verða vitni af einelti. Þessi leiðangur er ætlaður sem **forvörn** gegn einelti og reyna þannig að koma í veg fyrir að nemendur leggi aðra í einelti hvort sem það eru aðrir nemendur eða fólk í samfélaginu því enginn á það skilið að vera lagður í einelti.

Upplýsingar og heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla, lífsleikni. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla, upplýsinga- og tæknimennt. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Hugmyndir að sjáflsmati, jafningjamati og mati á hópastarfi eru fengnar:

Ingvar Sigurgeirsson. 2007. *Hugmynabanki um námsmat*. Sótt á netið 12.apríl 2007 á slóðina <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/matsbanki/Welcome.htm>

Möguleg tilbrigði:

Hvað er einelti ?

Vefleiðangur fyrir nemendur á miðstigi.

Til þess að geta lagt vefleiðangurinn „[Hvað er einelti?](#)“ fyrir nemendur á miðstigi þarf ekki að gera miklar breytingar.

Tillaga 1:

Auðveldast er að kennarinn tekur saman heimildir af þeim vefsíðum sem upp eru gefnar eða úr gögnum sem kennarinn hefur aflað sér sjálfur og setja saman á skjal sem allir nemendur fá í hendur. Því það að leyta á vefnum getur verið tímafrekt fyrir nemendur á þessum aldri. Út frá þessari samantekt geta nemendur svarað spurningum og jafnvel sleppt því að gera heimildaskrá en að öðruleyti ættu þeir að geta leyst aðra liði leiðangursins án breytinga.

Tillaga 2:

Kennari fækkar spurningum í leiðangrinum og jafnframt valmöguleikum á vefnum og þannig einfalda leit nemenda við heimildaöflun.

Tillaga 3:

Kennari fækkar valmöguleikum á vefnum og þannig einfalda leit nemenda við heimildaöflun en heldur spurningunum eins og þær eru.

Hvað er einelti ?

Vefleiðangur unninn í þemaviku.

Til þess að setja leiðangurinn „[Hvað er einelti?](#)“ upp í þemaviku þarf ekki að gera neinar breytingar á leiðangrinum sjálfum heldur aðeins að skipuleggja hvernig best sé að leggja hann fyrir.

Hægt er að klára leiðangurinn á einum degi í þemaviku og ef það er gert þá gætu hugsanlega allir nemendur á efsta stigi skólans leyst leiðangurinn í þemavikunni sjálfri. Eina sem ekki væri hægt að framkvæma er að hengja upp öll þau veggspjöld sem verða til í sjoppum og búðum því magnið verður það mikið. En í staðinn þá geta nemendur búið til kærleikstré en þar myndi hver nemendandi búa til eina hughreistandi setningu á kartonrenning og hengja á tréið. Tréið fengi síðan að standa á áberandi stað í skólanum og væri þannig eitt að verkum nemenda á sýningu í lok þemavikunnar.

Mat á hópstarfi

Mat á hópstarfi

Bekkur / hópur _____ Dags.

√	Nemandi: _____	Athugasemdir
	á gott samstarf við aðra	
	sýnir leiðtogaþæfileika	
	hjálpur öðrum	
	virðir skoðanir annarra	
	tekur virkan þátt í umræðum	
	hvetur aðra	
	leggur marga jákvætt til málanna	

Heildareinkunn _____

√	Nemandi: _____	Athugasemdir
	á gott samstarf við aðra	
	sýnir leiðtogaþæfileika	
	hjálpur öðrum	
	virðir skoðanir annarra	
	tekur virkan þátt í umræðum	
	hvetur aðra	
	leggur marga jákvætt til málanna	

Heildareinkunn _____

√	Nemandi: _____	Athugasemdir
	á gott samstarf við aðra	
	sýnir leiðtogaþæfileika	
	hjálpur öðrum	
	virðir skoðanir annarra	
	tekur virkan þátt í umræðum	
	hvetur aðra	
	leggur marga jákvætt til málanna	

Heildareinkunn _____

√	Nemandi: _____	Athugasemdir
	á gott samstarf við aðra	
	sýnir leiðtogaþæfileika	
	hjálpur öðrum	
	virðir skoðanir annarra	
	tekur virkan þátt í umræðum	
	hvetur aðra	
	leggur marga jákvætt til málanna	

Heildareinkunn _____

Einkunnagjöf er gefin frá 1-5 og miðuð við ákveðna efnispætti.

Til viðmiðunar við einkunnagjöf:

1 = mjög ósammála, 2 = ekki sammála, 3 = hlutlaus, 4 = sammála, 5 = mjög sammála

Neðst er heildareinkunn sem er á bilinu 1-10 eins og á hefðbundinn hátt.